

Hvað þarf ég að vita um Xarelto?

- ◆ Xarelto er blóðþynnandi og ver þig fyrir myndun hættulegra blóðtappa.
- ◆ Xarelto verður að taka nákvæmlega eins og lækinn mælir fyrir um. Til þess að tryggja sem besta vörn gegn blóðtöppum skal passa að **gleyma aldrei skammti**.
- ◆ Þú mátt ekki hætta töku Xarelto nema ræða við lækinn fyrst því hættan á blóðtöppum getur aukist.

◆ Láttu lækinn vita um öll önnur lyf sem þú notar, hefur nýlega notað eða ætlar þér að nota, áður en þú hefur notkun Xarelto.

◆ Upplýstu lækinn um að þú notir Xarelto áður en þú undirgengst skurðaðgerð eða aðrar aðgerðir.

Hvenær á ég að hafa samband við lækinn?

Pegar blóðþynningarlyf eins og Xarelto eru tekin er mikilvægt að gera sér grein fyrir hugsanlegum aukaverkunum. Algengasta aukaverkunin er blæðing. Ekki hefja töku Xarelto ef þú veist að

þú ert í hættu á blæðingu, nema ræða það við lækinn fyrst. Láttu lækinn vita tafarlaust ef þú finnur fyrir einkennum blæðingar, svo sem:

- ◆ verkjum
- ◆ þrota eða óþægindum
- ◆ höfuðverk, svima eða slappleika
- ◆ óvenjulegu mari, blóðnös, tannholdsblæðingu, blæðingu frá sárum sem varir í langan tíma
- ◆ meira tíðablóði eða blæðingu frá leggöngum en venjulega
- ◆ blóði í þvagi sem getur verið bleikt eða brúnt, rauðum eða svörtum hægðum

◆ blóði í hósta eða blóði í uppsölu eða einhverju sem líkist kaffikorgi

Hvernig á ég að taka Xarelto?

- ◆ Til þess að ná hámarksvernd gegn blóðtöppum, Xarelto
 - 2,5 mg er hægt að taka með eða án fæðu
 - 10 mg er hægt að taka með eða án fæðu
 - 15 mg verður að taka með mat
 - 20 mg verður að taka með mat

88287355

IS

Öryggiskort sjúklings



Xarelto® 2,5 mg ☐
Xarelto® 10 mg ☐
Xarelto® 15 mg ☐
Xarelto® 20 mg ☐

- ◆ Hafðu kortið alltaf á þér.
- ◆ Sýndu öllum læknum og tannlæknum kortið áður en meðferð er hafin.

Ég er í blóðþynningarmeðferð með Xarelto (rivaroxaban)

Nafn:	Önnur lyf / sjúkdómar:
Heimilisfang:	
Fæðingardagur:	Þyngd:

Í neyðartilviki skal hafa samband við:

Nafn læknis:

Símanúmer læknis:

Stimpill læknis:

Einnig skal hafa samband við:

Nafn:

Símanúmer:

Tengsl:

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn:

- ◆ Ekki skal notast við INR gildi þar sem þau eru ekki áreiðanleg mæling á blóðþynnandi verkun Xarelto.



Bayer